

Minnisblað



Höfundur: Umhverfis- og framkvæmdasvið
Viðtakandi: Heimastjórn Arnarfjarðar

Vesturbyggð: 21.10.2024
Málsnúmer: 2310051 MÁ

Varðar: Lækkun umferðarhraða innan þéttbýlis í Vesturbyggð.

Fyrir nokkru hófst vinna hjá Vesturbyggð við heildarendurskoðun á umferðarreglum ásamt því að vinna að umferðaröryggisáætlun í sveitarfélaginu. Vinna við umferðaröryggisáætlun tók svo breytingum er aðal höfundur að þeirri vinnu féll frá sem setti þá vinnu á upphafsreit.

Inn í þessari vinnu var skoðun hámarkshraða. Í sveitarfélaginu eru enn götur þar sem umferðarhraði takmarkast við 35km/klst en samkvæmt 37. grein umferðarlaga nr. 77/2019 sem tóku gildi 1. janúar 2020 segir að hámarksökuhraði skuli „*tilgreindur í heilum tugum, að undanteknum hámarksökuhraðanum 15 km á klst.*“ Jafnframt er heill tugur í samræmi við sektarákvæði umferðarlaga en sektarákvæði miðast við heilan tug að undanskildum vistgötum þar sem hámarkshraði er 15km. Það er því ljóst að breytinga á ökuhraða innan þéttbýlis er þörf.

Umhverfis- og framkvæmdasvið leggur því til að lækkun umferðarhraða innan þéttbýlis verði tekin úr heildarskoðun umferðar, svo hægt verði að fara í breytingu á hámarkshraða sem fyrst. Lagt er til að hámarkshraði verði lækkaður úr 35km í 30km, sem á við allar götur innan þéttbýlis á Bíldudal.

Markmið með þessari tillögu er að auka umferðaröryggi allra vegfarenda innan þéttbýlis í sveitarfélaginu og samræma umferðarreglur/merkingar við umferðarlög.

Umhverfis- og framkvæmdasvið leggur fram tillögu um að umferðarhraði innan þéttbýlis á Bíldudal verði lækkaður úr 35km/klst í 30km/klst.